

hefur meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hjerasdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Hin ákærðu Halldór Gestsson og Þjóðbjörg Benjamínsdóttir eiga að greiða in solidum allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, þar með talin málflytninguþlaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálflytninguþmannanna Lárusar Bjarnason og Páls Einarssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. ágústmánaðar.

Nr. 12/1892:

Þorleifur Jónsson ritstjóri

gegn

prófasti Þórarni Böðvarssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, prófastur Þórarinn Böðvarsson, forseti í neðri deild alþingis 1891, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, gegn áfrýjandanum, ritstjóra Þorleifi Jónssyni, út af tveimur ritgjörðum í blaði hans Þjóðólfi, 43. árg. nr. 37., dags. 14. ágúst 1891, með fyrirsögn á fyrri ritgjörðinni: »Skólaíðnaður, 11400 kr. — Garðafeðgar«, og hinni síðari: »Misbeitt forsetavaldi«, er hann taldi ritgjörðir þessar mjög meiðandi fyrir sig.

Málið var dæmt í bæjarþingsrjettinum 28. janúar

p. á. með þeim úrslitum, að Þorleifur Jónsson skyldi samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga greiða 100 kr. sekt í landssjóð eða sæta 30 daga einföldu fangelsi, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða málskostnað til stefnda með 15 kr. og voru hin meidandi orð dæmd dauð og ómerk.

Dómi þessum hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað að til yfirdómsins og þar krafizt sýkunar fyrir kröfum og ákærum hins stefnda, en til vara, að hin dæmda sekt sje færð hæfilega niður, og loks, að hinn stefndi greiði allan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins.

Aptur á móti hefur hinn stefndi, prófastur Þórarinn Bødvarsson, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, svo og málskostnaðar með einhverju nægilegu.

Þau orð og ummæli, er hinn stefndi hefur sjerstaklega átalid í hinum fyrnefndu ritgjörðum, eru einkum þessi: Í fyrri greinni: »Allt þetta ásamt kappi því, er forseti neðri deildar beitti við atkvæðagreiðsluna um þetta mál, styrkir það nægilega, sem altalað er, bæði utan þings og innan, að þetta sje ein af þeim tilraunum, sem þeir feðgar sjera Þórarinn Bødvarsson og Jón hafa gjört til þess að stofna embætti handa Jóni,« samt framhald þessa kafla í greininni, og í síðari greininni fyri sögn hennar: »Misbeitt forsetavaldi,« samt lýsing sú, er þar fylgir á eptir um atkvæðagreiðsluna.

Yfirdómurinn verður að fallast á ástæður undirdómarans, að hinar tvær umræddu ritgjördir sjeu í efnislegu sambandi hvor við aðra, og sá áburður hljóti, samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, mjög að vera til bnekkis virðingu hins stefnda, að hann af

eigingjörnum hvötum hafi sem forseti beitt kappi eða misbeitt forsetavaldi sínu við atkvæðagreiðslu á þingi í því áðurnefnda atriði í fjárlögnum, sem sje ein af tilraunum hans að stofna embætti handa syni sínum. Áfrýjandinn hefur farið því fram, að aðferð forseta við atkvæðagreiðsluna, þá er málið var til annarar umræðu í þingdeildinni, hafi eigi verið rjett, en til að rannsaka það er eigi ástæða, því enda þótt fallizt væri á skodun áfrýjanda, gæti það eigi rjettlætt þann áburð, að eigin-gjarnar hvatir hafi ráðið aðferð forseta.

Áfrýjandi hefur talið sjer til bóta, að hann einungis hafi sagt það væri altalað bæði utanþings og innan, að þetta sje ein af tilraunum stefnda að stofna embætti handa syni sínum, en alls ekki dróttað þessu að stefnda af eigin toga. Slík afsökun getur eigi orðið áfrýjandanum til málsbóta, því hann tekur ummælin í blað sitt til styrkingar umsögn sinni og gjörir þau þannig að sínum eigin getsökum.

Þar sem nú upphæð sektarinnar þykir eigi of hátt sett í undirdóminum og yfirdómurinn einnig fellst á önnur ákvæði hans, ber í öllu að staðfesta hann, og ber áfrýjandanum í málskostnað hjer fyrir rjettinum að greiða hinum stefnda 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn, ritstjóri Þorleifur Jónsson, greiði hinum stefnda, prófasti Þórarni Bøðvarssyni, 20—tuttugu—krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birting hans undir aðför að lögum.